



Safnið vill auka faglega þekkingu og hæfni starfsfólks með því að gefa því kost á fræðslu og þjálfun. Starfsfólk þarf að vera undir það búíð að þjálfa sig til nýrra verkefna og mæta breyttum kröfum vegna faglegrar þróunar og nýjunga. Eftir því sem starfsmenn eru færari að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, því hæfara verður safnið til að sinna sínum framtíðarverkefnum og forystuhlutverki. Lögð er áhersla á að starfsfólk fái notið hæfileika sinna og hafi möguleika á að þróast í starfi.

ÁBYRGÐ STARFSMANNNS  
OG YFIRMANNNS

- ▶ Þess er vænst að starfsfólk afli sér endurmenntunar að eigin frumkvæði til þess að viðhalda kunnáttu í starfi sínu eða til þess að efla persónulega hæfni og þekkingu til faglegrar þróunar. Starfsþróun á hvoru tveggja að nýtast starfsmönnum og safninu og er hún því jafnt á ábyrgð beggja aðila.
- ▶ Yfirmenn þurfa að veita stuðning og hvetja starfsfólk til að bæta þekkingu sína og þróast í starfi. Starfsmannasamtöl eru meðal annars vettvangur til að fara yfir fræðsluþarfir og starfsþróunarskir starfsmanna.

FRÆÐSLUÁÆTLUN

- ▶ Á haustin kemur saman fræðslunefnd og vinnur fræðsluáætlun fyrir veturinn. Fræðsluáætlunin byggist á meginstefnu safnsins, áherslum í starfi sviða sem og upplýsingum úr starfsmannasamtölum.
- ▶ Við gerð fræðsluáætlunar skal hafa eftirfarandi að leiðarljósi:
  - ▶ fræðsla stuðli að því að starfsmenn viðhaldi eða bæti þekkingu sína til að vaxa og þróast í starfi
  - ▶ fræðsluviðburðir geta einnig gefið starfsfólki færi til persónulegs þroska
  - ▶ fræðsla byggji á þörfum og framtíðarsýn stofnunarinnar en taki einnig tillit til þarfa og óska starfsfólks
  - ▶ hvers kyns fræðsla getur bætt sjálfstraust og leitt til aukinnar starfsánægju með því að gera starfsfólk færara til að sinna starfi sínu

MIBLUN OG ÞRÓUN ÞEKKINGAR

- ▶ Þekking starfsfólks er bæði leynd og ljós öllum. Leynd þekking starfsmanns á hefðum, ferlum og vinnubrögðum á safninu er jafnverðmæt og augljósari þekking starfsmanns á kerfum, viðskiptavinum og safnkosti. Mikilvægt er að starfsfólk skrásetji þekkingu sína eða miðli henni með þeim hætti að samstarfsfólk geti nýtt sér. Leiðir til þess eru m.a. GoPro, fundargerðir, handbækur, vinnureglur og verklagsreglur; miðla á fræðsluviðburðum innanhúss og vistun vinnugagna á miðlægum tölvudrífum sviða. Safnið hvetur starfsfólk til að miðla einnig þekkingu sinni til samstarfsmanna með óformlegri hætti, s.s. leiðbeiningar við notkun forrita og aðstoð við úrlausn verkefna.
- ▶ Safnið gerir þær kröfur að starfsfólk nýti upplýsingatækni við vinnu sína svo safnið geti sinnt hlutverki sínu á skilvirkan hátt. Allt starfsfólk þarf að kunna á forrit eins og Outlook, Word og Excel, Vinnustund og Viðveru, og nýta þá tækni sem safnið býður upp á til skilvirkari vinnubragða.

Fræðslustefna var samþykkt af framkvæmdaráði í ágúst 2011. Hún skal endurskoðuð á 3ja ára fresti.